



Samgöngunefnd SSA Fundargerð 1. fundar starfsárið 2018 – 2019

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fimmtudaginn 25. október 2018, kl. 15:00 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum.

Á aðalfundi SSA sem haldinn var á Hallormsstað 7. og 8. september sl. voru eftirtaldir kosnir í samgöngunefnd starfsárið 2018-2019:

Aðalmenn:

Jakob Sigurðsson
Anna Alexandersdóttir
Lárus Heiðarsson
Elvar Snær Kristjánsson
Eydís Ásbjörnsdóttir
Teitur Helgason
Þorbjörg Sandholt

Varamenn:

Helgi Hlynur Ásgrímsson
Gunnhildur Ingvarsdóttir
Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Hildur Þórisdóttir
Jens Garðar Helgason
Björn Heiðar Sigurbjörnsson
Kári Snær Valtingoer

Mætt voru Anna Alexandersdóttir, Elvar Snær Kristjánsson, Jakob Sigurðsson, Lárus Heiðarsson, Teitur Helgason, Þorbjörg Sandholt auk Jens Garðars Helgasonar varamanns Eydísar Ásbjörnsdóttur en hann var með í síma. Auk þess sat fundinn Jóney Jónsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

Verkefnastjóri setti fundinn og stjórnaði kosningu formanns.

1. Kosning formanns og varaformanns samgöngunefndar starfsárið 2018-2019. Óskað var eftir uppástungum til formanns og varaformanns og bærust tillögur um að Anna Alexandersdóttir yrði formaður og Eydís Ásbjörnsdóttir varaformaður. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Verkefnastjóri fól því næst Önnu Alexandersdóttur stjórn fundarins.
2. Farið yfir erindisbréf samgöngunefndar. Formaður fór yfir erindisbréfið.
3. Verkefni vetrarins. Rætt um hugsanlega gesti á fundi vetrarins. Vilji er til að fá einhvern til að fræða um öryggisþætti sem lagðir eru til grundvallar við gerð samgönguáætlunar. Einnig að fá verkefnisstjóra Svæðisskipulags Austurlands og fulltrúa grasrótahreyfingar sem berst fyrir ódýrara innanlandsflugi. Rætt um að fá Njál Trausta Friðbertsson til segja frá stöðu svokallaðrar skosku leiðar og Maríu Hjálmarsdóttur verkefnastjóra til að lýsa verkefninu efling Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðaflugvallar. Nýr vegamálastjóri fær boð á fund nefndarinnar. Einnig þarf að fá formann samgönguráðs á fund. Sýnt er að ályktanir aðalfundar SSA hafa ekki skilað sér í samgönguáætlun og því þarf að fá skýringar á því og hvort vinna megi þær á annan hátt þannig að sú forgangsroðun sem þar birtist verði notuð. Rætt var um hvort rétt væri að berjast saman fyrir einhverju einu eða fáum málum svo áherslan dreifist



síður. Í framhaldi var rætt um hvort ályktanir aðalfunda þyrftu að breytast og verða færri.

4. Samgönguáætlun 2019-2033

Rætt um framlagðar samgönguáætlanir 2019-2033 og 2019-2023. Fimm ára áætlunin er sérlega óhagstæð landshlutanum. Farið var yfir tölur til starfssvæðis SSA í 5 ára áætluninni sem eru mjög lágar. Rennt var yfir umsögn stjórnar SSA og sagt frá bréfi stjórnarinnar til samgöngunefndar Alþingis með beiðni um fund. Ábending kom um að nefna Suðurfjarðarveg í upptalningunni á eftir heilsársveg yfir Öxi.

Samgöngunefnd SSA lýsir miklum vonbrigðum með samgönguáætlun 2019-2023 og afar rýrt fjárframlag til samgöngubóta á Austurlandi næstu tíu árin. Hún tekur undir umsögn stjórnar SSA um framlagða samgönguáætlun.

5. Fundartími vetrarins. Fjórði fimmtudagur í mánuði er hentugur tími. Skoða skal hvort fimmti fimmtudagur í nóvember gangi upp. Verkefnastjóri mun senda út póst.

6. Önnur mál.

Sagt var frá seinagangi varðandi framkvæmd við Borgarfjarðarveg og nú er orðið spurning hvort nokkuð tekst að gera fyrir vetrartíð. Verkinu gæti því seinkað töluvert.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:00.

Jóney Jónsdóttir
Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála